

4. gr.

- 4.1. Við fyrstu búnaðarskoðun þilfarsfiskiskips, sem gerð verður eftir 1. mars 1983, skal hvert skip vera með losunar- og sjósetningarbúnað samkvæmt grein 1.1. og 1.2. Við fyrstu búnaðarskoðun þilfarsfiskiskips, sem gerð verður eftir 1. september 1983 skal hvert skip vera búið viðurkenndum sjóstýribúnaði samkvæmt grein 1.3.
- 4.2. Við fyrstu búnaðarskoðun annarra skipa, sem gerð verður eftir 1. september 1983, skal hvert skip vera með búnaði samkvæmt þessum reglum. Siglinga-málastofnuninni er heimilt að veita frest, ef vandkvæði verða á að framkvæma nauðsynlegar breytingar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

22. júní 1982.

Nr. 352.

AUGLÝSING

um staðfestingu á ráðgerðri legu Norðurlandsvegur frá Einbúalæk í Víkurskarði að Fnjóskadalsvegi hjá Viðivöllum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið 22. júní 1982 staðfest uppdrátt af ráðgerðri legu Norðurlandsvegur frá Einbúalæk í Víkurskarði að Fnjóskadalsvegi hjá Viðivöllum.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

8. júní 1982.

Nr. 353.

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Njarðvíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar þessar reglur um umferð í Njarðvík:

1. Vallarbraut verður aðalbraut og umferð aðliggjandi gatna háðar biðskyldu samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Biðskylda verður þó á Vallarbraut við Hjallaveg.
2. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Hlíðarvegi við Holtsgötu.
3. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Hraunsvegi við Hlíðarveg og Móaveg.